

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2005.

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um Ríkisútvarpið sf., 643. mál og um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 644. mál.**

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur borist beiðni um að veita umsögn um framangreind frumvörp. Umsögn stjórnarinnar takmarkast við þær breytingar sem snerta rekstur hljómsveitarinnar með beinum hætti.


Stjórn Sinfóníuhljómsveitar sér ekki ástæðu til að ætla að breytingar þær sem boðaðar eru í frumvörpunum muni hafa nein teljanleg áhrif á rekstur eða starfsemi hljómsveitarinnar. Í því sambandi er þess vænst að samstarf við Ríkisútvarpið verði hér eftir sem hingað til heilladrjúgt og að traustur samstarfssamningur náist milli þessara mikilvægu menningarstofnana, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Bent skal á í sambandi við þessa umræddu málsgrein að eftirfarandi orð málgreinarinnar eiga ekki lengur við og ættu því að falla á brott: "... á móti framlagi útvarpsins samkvæmt þessari grein ...". Ákvæði þessa efnis vantar í það frumvarp, sem hér er til umræðu.

Þá er það álitamál hvort ákvæði 7. gr. laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands eigi að standa óbreytt, en þar er Ríkisútvarpinu heimilt og skylt að tilnefna mann í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar. Færa má fyrir því rök að seta fulltrúa Ríkisútvarpsins sf. í verkefnavalsnefnd geti tengst samningi þeim milli Ríkisútvarpsins sf. og Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem kveðið er á um í téðri 3. gr. Engu að síður er ákveðið ósamræmi í lagatextanum sem þarf að leiðrétta með tilliti til hins nýja hlutverks og rekstrarforms Ríkisútvarpsins sf. Ekki er æskilegt að tengja samninga sem hljómsveitin gerir almennt við stuðningsaðila eða aðra samstarfsaðila við setu í nefndum eða verkefnavali. Það á auðvitað ekki við um lögbundna samstarfsaðila hljómsveitarinnar eins og Ríkisútvarpið. Samvinna við Ríkisútvarpið hefur enda frá upphafi verið afar farsæl og á það einnig við um störf fulltrúa Ríkisútvarpsins í verkefnavalsnefnd. Mikilvægt er að gott samstarf takist með Ríkisútvarpinu sf. og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Telji Ríkisútvarpið sf. forsendu fyrir því samstarfi að félagið hafi fulltrúa í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar setur stjórnin sig ekki upp á móti því en telur að öðru leyti æskilegt að hlutverki og skipulagi verkefnavalsnefndar verði breytt. Kemur m.a. til greina að fækka nefndarmönnum. Verði eftir því leitað getur stjórnin gert nánari grein fyrir sínum hugmyndum hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst

F.h. stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



Háskólabíó v/Hagatorg  
Pósthólf 7052  
IS-127 Reykjavík  
Sími 545 2500  
Fax 562 4475  
www.sinfonia.is  
sinfonia@sinfonia.is